



Björg Baldursdóttir
Formaður velferðar- og mannréttindaráðs

Kópavogi, 6. maí 2026
2509566/300.00 SP

Minnisblað: Fósturteymi hjá barnaverndarþjónustu Kópavogsbæjar

Á velferðarsviði Kópavogsbæjar er starfrækt barnaverndarþjónusta sveitarfélagsins sem ber ábyrgð á móttöku barnaverndartilkynninga og vinnslu barnaverndarmála skv. ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002. Á skrifstofunni starfa undir stjórn skrifstofustjóra barnaverndarþjónustu 15 starfsmenn. Í könnunarteymi sem ber ábyrgð á móttöku barnaverndartilkynninga og tekur ákvörðun um hvort hefja skuli könnun máls á grundvelli barnaverndartilkynninga, starfa 5 starfsmenn undir leiðsögn teymisstjóra. Í meðferðarteymi sem tekur mál til vinnslu skv. áætlunum um meðferð máls ef þörf er talin á frekari stuðningi eða innngripi í málum að lokinni könnun m.a. með vistun barna utan heimilis, starfa undir leiðsögn teymisstjóra, 6 starfsmenn. 2 sálfræðingar starfa einnig á skrifstofunni. Skrifstofa barnaverndarþjónustu sinnir einnig bakvakt í samstarfi við sveitarfélögin Hafnarfjörð og Garðabæ og starfrækir barnaverndarþjónusta Kópavogsbæjar vistheimili sem getur tekið við allt að fimm börnum í neyðartilvikum.

Vistun barna utan heimilis

Um ráðstöfun barna í fóstur er fjallað sérstaklega um í XII. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 og reglugerðum þar að lútandi en með fóstri er átt við að barnaverndarþjónusta sveitarfélaga feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í amk. þrjá mánuði.

Til frekari glöggvunar er rétt að fara aðeins yfir þær skilgreiningar sem átt er við þegar fjallað er um vistanir barna utan heimilis á grundvelli barnaverndarlaga.

Neyðarráðstöfun (31.gr.barnaverndarlaga) þegar vinda þarf bráðan bug á ráðstöfun og tryggja öryggi barns getur barnaverndarþjónusta beitt neyðarráðstöfun án undangenginnar málsmeðferðar og vistað barn í allt að 14 daga utan heimilis.

Bráðavistun (84. gr. barnaverndarlaga) felur í sér vistun barna utan heimilis til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda eða til könnunar á aðstæðum þeirra t.d. vegna vanrækslu, vanhæfni foreldris eða framferði foreldris. Fyrst og fremst er um að ræða börn sem ekki er talið að þurfi sérhæfða meðferð en geta ekki verið á heimili sínu um tíma. Slíkri vistun er ekki ætlað að vara lengur en eitt ár.

67. gr. vistun þegar barn er vistað utan heimilis lögheimilisforeldris hjá hinu foreldri sínu.

Fóstur

Tímabundið fóstur: Fóstur er afmarkað í ákveðinn tíma með það að markmiði að barnið geti snúið aftur heim til kynforeldra.



Varanlegt fóstur: Börn er lúta forsjá barnaverndarþjónustu. Fósturráðstöfun er varanleg þegar fyrir séð er að barn geti ekki snúið aftur heim til forelda sinna og ekki er unnt að bæta aðstæður barns á heimili með öðrum hætti. Markmið með varanlegu fóstri er að tryggja umönnun, öryggi og stöðugleika í lífi barns til frambúðar.

Styrkt fóstur: Með styrktu fóstri er átt við að mælt sé fyrir um sérstaka umönnun og þjálfun á fósturheimili í tiltekinn tíma. Styrkt fóstur á við þegar barnið á við verulega hegðunarerfiðleika að stríða vegna geðrænna, tilfinningalegra og annarra vandamála af því tagi og uppfyllt eru skilyrði til að vista barnið utan heimilis.

3. gr. vistun: Ungmenn, 18-20 ára sem vistast áfram í úrræði eða á fósturheimili á grundvelli barnaverndarlaga.

Þær vistanir sem getið er um hér að ofan geta verið með samþykki forsjáraðila eða án samþykkis þeirra. Séu foreldrar ekki samþykkir vistun barna sinna utan heimilis getur barnaverndarþjónusta beitt neyðarráðstöfun til að tryggja öryggi barns. Náist ekki samkomulag um vistun utan heimilis er mál barnsins lagt fyrir Umdæmisráð sem getur úrskurðað um vistun barnsins á grundvelli barnaverndarlaga í allt að 4 mánuði og getur veitt barnaverndarþjónustu heimild til að krefjast lengri vistunar, allt að 12 mánuði í héraðsdómi. Umdæmisráð getur einnig úrskurðað um heimild barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um forsjárviptingu. Auk þess að úrskurða um umgengni í fóstri og/eða vistun.

Leiðarljós og gildi barnaverndarþjónustu er að stuðla að aðstæðum og tryggja með sem bestum hætti að börn geti búið heima hjá sér í umsjá sinna forsjáraðila. Leiðarljósin og markmið barnaverndarlaga eru þó fyrst og fremst að tryggja ávallt og í hvívetna, öryggi barna þar sem börn fá ávallt að njóta vafans og að sjónarmið þeirra séu virt í hvívetna og fái að heyrast því barnavernd snýst um vernd barna. Í þeim tilvikum þar sem börn geta ekki dvalið heima hjá sér vegna aðstæðna hvort er heldur til skemmri eða lengri tíma liggja ríkar skyldur og ábyrgð á barnaverndarþjónustunni sem ber ábyrgð á ákvörðun um vistun barns utan heimilis hvort heldur sem um ræðir til lengri eða skemmri tíma. Í þeim tilvikum þegar börn eru vistuð utan heimilis í varanlegu fóstri og forsjá hefur færst yfir til barnaverndarþjónustu sveitarfélagsins, eru enn ríkari kröfur um eftirlit, stuðning og utanumhald.

Barnaverndarþjónusta sem ráðstafar barni í vistun og fóstur fylgist reglulega og náið með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái settum markmiðum. Barnaverndarþjónusta skal leitast við að vera í reglubundnu sambandi við barn sem vistað er utan heimilis og gefa barninu kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan sína í samræmi við aldur og þroska þess. Skv. 89.gr. barnaverndarlaga skal barnaverndarþjónusta heimsækja með reglubundnum hætti börn sem vistuð eru á vegum þjónustunnar á heimilum og stofnunum.

Tölfræði

Heilt yfir hefur vinnsla barnaverndarmála verið að þyngjast síðastliðin ár, málin eru flóknari umfangs, vandi barna og foreldra þyngri og úrræðaleysi mikið í málaflokknum sem eykur verulega álag innan barnaverndarþjónustunnar. Árið 2025 barst barnaverndarþjónusta Kópavogs 1810 tilkynningar vegna 799 barna. Alla jafna eru um 330-340 mál til vinnslu hjá barnaverndarþjónustu Kópavogs hverju sinni, í könnun eða í meðferð. Af þessum 330 börnum eru um 66 börn vistuð utan heimilis á grundvelli barnaverndarlaga.

Í byrjun árs 2026 voru 51 börn í fóstri á vegum barnaverndarþjónustu Kópavogs. 4 börn í tímabundnu fóstri, 38 börn í varanlegu fóstri, 1 barn í styrktu fóstri og 8 ungmenni 18 til 20

ára í vistun skv.3.gr.barnaverndarlaga. Að auki eru 15 börn vistuð skv.84.gr. og 67.gr. barnaverndarlaga hjá ættingjum, í einkareknum búsetuúrræðum eða á vistheimili.

Staðreyndir um fósturbörn

Börn sem fara í vistun utan heimilis eru alvarlegustu barnaverndarmálin sem unnin eru hjá barnaverndarþjónustu. Börn sem fara í fóstur hafa þurft að búa við óviðunandi aðstæður og upplifað vanrækslu og/eða ofbeldi og er áfallasaga þeirra alla jafna mikil og glíma þau flest við tilfinninga, hegðunar-og/eða geðraskanir. Börnin eiga það sameiginlegt að treysta oft ekki fullorðnum því reynsla þeirra er þannig að fullorðnir hafa brugðist. Rannsóknir sýna að staða ungs fólks sem hefur farið í fóstur er lakari en jafnaldra þeirra, menntunarstig þeirra er lægra, geðsjúkdómar algengari, þau eru líklegri til að vera án atvinnu, áfengis- og vímuefnanotkun algengari sem og afbrot og sjálfskaðandi hegðun. Það er því afar brýnt að þeim börnum sem vistuð eru utan heimilis sé veittur góður stuðningur og eftirfylgd af hálfu barnaverndarþjónustu.

Opinber umfjöllun um málefni barna sem hafa verið vistuð utan heimilis þar sem eftirliti var ábótavant og staðfest voru tilvik um alvarlegar brotalamir í umönnun barnanna eru þess eðlis að afar brýnt er að bregðast við og tryggja að slík atvik muni ekki endurtaka sig. Að sama skapi þarf að tryggja fósturforeldrum góðan stuðning, handleiðslu og ráðgjöf og efla enn frekar sérhæfingu á málefnum fósturbarna svo unnt sé að mæta þörfum þeirra á sem allra bestan hátt. Þessum markmiðum má leitast við að ná með stofnun fósturteymis.

Meginhlutverk fósturteymis er að halda utan um málefni barna sem lúta forsjár Barnaverndarþjónustu Kópavogs. Börnin eru flest í varanlegu fóstri en sum í tímabundnu fóstri, styrktu fóstri eða eru vistuð skv. 84. gr. Vistanir ungmenna á aldrinum 18–20 ára munu einnig heyra undir teymið en ungmennin vistast þá áfram á fósturheimilum sínum eða í öðrum úrræðum barnaverndarþjónustu eftir að þau hafa náð 18 ára aldri.

Fósturteymið mun vera skipað sérhæfðum starfsmönnum sem geta náð betur utan um viðkvæmustu börn barnaverndarþjónustunnar. Starfsmenn mun þekkja vel þarfir barna sem þurfa á vistun utan heimilis að halda, þörfum foreldra sem ekki geta sinnt þörfum barna sinna og þörfum fósturforelda í ólíkum aðstæðum. Einnig verður lögð áhersla á að teymið þekki vel og hafi tækifæri til að fylgjast með breytingum á eftirfarandi þáttum: ferli umsókna, lögum, reglugerðum og stöðlum vegna barna í vistun utan heimilis, meðferðarúrræðum fyrir börnin, umgengnisfyrirkomulagi ásamt hugmyndafræði og rannsóknum til að bæta framtíðarhorfur barnanna.

Með því að setja á laggirnar fósturteymi munu þeir starfsmenn sem í teyminu verða geta einbeitt sér að þessum hópi barna og tryggja að málum þeirra sé sinnt á stöðugan og faglegan hátt. Mikilvægt er að því verði haldið til haga að sama hvernig staðan er í öðrum málaflokkum barnaverndar hverju sinni þá hafi starfsmenn fósturteymis alltaf rými til að halda vinnslu þessa hóps í samfellu.

Samantekt

Til þess að mæta brýnni þörf, tryggja markvisst og öruggt eftirlit og byggja upp öflugan stuðning við börn sem eru vistuð utan heimilis sem og stuðning við fósturforeldra, hefur sviðsstjóri velferðarsviðs Kópavogsbæjar, að undangengnu samþykki bæjarstjóra, ákveðið að sett verði á laggirnar fósturteymi innan barnaverndarþjónustu Kópavogsbæjar.

Fósturteymið verður skipað tveimur félagsráðgjöfum undir leiðsögn teymisstjóra meðferðarteymis. Við þessar breytingar verða teymi innan barnaverndarþjónustu Kópavogsbæjar þrjú talsins: 1) könnunarteymi, 2) meðferðarteymi og 3) fósturteymi. Skrifstofustjóri barnaverndarþjónustu Kópavogsbæjar mun annast fyrirkomulag ráðninga og skipan í nýtt fósturteymi í samstarfi við teymisstjóra sem og mótun verklags teymisins.

Miklar vonir standa til þess að með því að Kópavogsbær setji á laggirnar sérhæft fósturteymi verði áfram hugað að vandaðri málsmeðferð og umsjá og öryggi barna sem eru vistuð utan heimilis sé tryggt með sem allra bestum hætti. Að sama skapi er rík áhersla á öflugan stuðning til fósturforeldra og þeirra aðila sem koma að vistunum barna utan heimilis þar sem á þeim ríkja einnig miklar kröfur og skyldur. Fósturforeldrar rækja starf sitt af heilindum og hafa reynt ótalmörgum börnum og ungmennum það mikilvæga öryggisnet sem þörf var á hvort heldur sem varðar til lengri eða skemmri tíma.

Gert er ráð fyrir að fósturteymið muni taka til starfa eigi síðar en 1. september og við breytingarnar bætist við 1 stöðugildi félagsráðgjafa í barnaverndarþjónustu Kópavogsbæjar sem rúmast innan gildandi fjárheimilda velferðarsviðs.

Virðingarfyllt,

Sigrún Þórarinsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs Kópavogsbæjar

